

Skattstjórar.

12. gr.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að ákveða að félög skv. 2. gr. megi skila þessum gögnum til skattstjóra þess umdæmis þar sem félögin eru framtalsskyld.

Viðurlög og málsmeðferð.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 83. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ríkisskattstjóri senda skattrannsóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

*Ragnheiður Snorradóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi.**

1. gr.

Árgjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

- | | |
|-------------|------------|
| A. Íbúðir | kr. 7 500. |
| B. Sumarhús | kr. 3 750. |

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 16. desember 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.